

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar í máli nr. S-583/2009:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson fulltrúi)

gegn

Hauki Hilmarssyni

og

Jason Thomas Slade

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ár 2010, mánudaginn 15. febrúar, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 583/2009: Ákærvaldið (Karl Ingi Vilbergsson) gegn Hauki Hilmarssyni og Jason Thomas Slade (Ragnar Aðalsteinsson hrl.) sem tekið var til dóms hinn 5. febrúar sl. að aflokinni aðalmeðferð.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 8. apríl sl. á hendur ákærðu, Hauki Hilmarssyni, kt. 000000-0000, Vesturgötu 12, Reykjavík, og Jason Thomas Slade, kt. 000000-0000, Grettisgötu 75, Reykjavík, „fyrir húsbrott og almannahættu, með því að hafa, að morgni fimmtudagsins 3. júlí 2008, farið í heimildarleysi inn á flugvallarsvæðið við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, með því að klifra yfir girðingu, og hlaupið mörg hundruð metra innan svæðisins. Röskuðu ákærðu með háttsemi sinni öryggi loftfara en á flugvallarsvæðinu voru flugvélar á leið í áætlunarflug og varð að stöðva flugumferð þar til ákærðu voru handsamaðir á flugbrautinni „Charlie“.

Telst þetta varða við 231. gr. og 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Ennfremur er krafist greiðslu sakarkostnaðar.“

Málavextir

Fyrir liggur að skömmu fyrir klukkan átta, fimmtudagsmorguninn 3. júlí 2008, fóru ákærðu að girðingu sem umlykur flugvallarsvæðið við flugstöðina á Keflavíkur-flugvelli. Við girðinguna voru allstór kefli undan kapalvír og komust ákærðu yfir girðinguna með því að stíga upp á keflin. Af ljósmyndum sem málinu fylgja má ætla að það hafi ekki verið erfitt. Fyrir liggur enn fremur að ákærðu höfðu ekki heimild til þess að fara inn á afgirt flugvallarsvæðið. Fram er komið í málinu að á þessum tíma voru margar farþegaþotur að búa sig til brottfarar. Verið var að ræsa hreyfla einnar af þessum flugvélum, TF-FIV, og búast til að aka henni frá stæði nr. 11 á flughlaðinu við flugstöðvarhúsið eftir akbraut flugvéla á átt að flugbrautinni. Ákærðu hlupu fram með flugvélinni í nokkurri fjarlægð og fram fyrir hana. Flugmenn á vélinni hættu við að aka vélinni af stað þegar þeir sáu til mannanna og mun nokkur töf hafa orðið á umferð um völlinn af þessum sökum. Ákærðu voru handteknir og færðir í fangageymslu. Fyrir liggur að brautin, sem ákærðu eru í ákæru sagðir hafa verið handsamaðir á, er akbraut fyrir flugvélar en ekki flugbraut.

Meðal gagna málsins eru ljósmyndir af girðingunni sem ákærðu klifruðu yfir, loftmynd af flugstöðinni og næsta nágrenni hennar svo og uppdráttur af því sama.

Verður nú gerð grein fyrir því sem fram hefur komið í meðferð málsins fyrir dómi.

Ákærðu hafa í öllum meginatriðum borið á sama hátt um atvikin þennan umrædda fimmtudagsmorgun og kveðast vera saklausir af því broti sem þeir eru ákærðir fyrir. Bera þeir því við að þennan morgun hafi verið fluttur nauðugur úr landi maður frá Kenýa, Paul Ramses að nafni, frá konu og ungu barni. Maður þessi hefði sótt um landvist hér sem flóttamaður en umsókn hans um það verið synjað. Þá er það komið fram hjá þeim báðum að þeir álitu það hafa verið borgaralegan rétt sinn og skyldu að reyna að koma í veg fyrir það að maður þessi væri fluttur til Ítalíu, þaðan sem hann hafði komið hingað til lands. Væru kjör manna í flóttamannabúðum þar hin verstu og jafnframt væri hætta á því að hann yrði fluttur til heimalands síns, Kenýa, en þar væri líf hans beinlínis í hættu. Brottvísunin væri þannig sjálf ólögleg og siðferðilega röng og hefði það auk þess í för með sér að fjölskyldu flóttamannsins hefði verið sundrað. Væri þetta í andstöðu við alþjóðlega sáttmála, bæði sáttmála um mannréttindi og sáttmála um barnavernd. Þeir segjast því hafa tekið þá ákvörðun að reyna að stöðva flugvélinu, sem þeir álitu að maðurinn væri í, og koma þannig í veg fyrir að hún gæti flogið með hann brott af landinu. Þeir segjast aðspurðir ekki hafa fengið leyfi til þess að fara inn á flugvallarsvæðið sem afgirt er en neita því að þeir hafi raskað öryggi flugvéla sem leið áttu um völlinn með athæfi sínu. Benda þeir á að einungis hafi hlotist óveruleg röskun af því og að ekki hafi skapast bein hætta fyrir menn og verðmæti við vélinu, sem þeir hlupu fram fyrir. Hafi flugvélin ekki verið á hreyfingu, hreyflar hennar hafi verið í lausangangi og þeir ekki komið nálægt vélinni.

Pétur Arnarson flugstjóri var við stjórn flugvélarinnar í umrætt sinn. Hann segir að nýbúið hafi verið að ýta vélinni aftur á bak af stæðinu og þeir flugmenn verið að ræsa hreyflana. Þegar þeir hafi verið að ræsa seinni hreyfilinn hafi menn komið hlaupandi fram með vélinni, nálægt henni, og hlaupið fram fyrir hana. Kveðst hann hafa óttast að mennirnir gætu sogast inn í hreyflana en þeir hafi verið í

lausagangi. Vélín hafi verið kyrrstæð þegar þetta gerðist. Hann segist ekki hafa árátt að hreyfa vélina, haft samband við flugturninn og beðið um að lögregla yrði kölluð til. Sé maður nær hreyfli af þessari gerð en 5 - 7 metra geti hann sogast inn og farist. Annars sé þetta auðvitað komið undir því hversu hratt hreyfillinn sé keyrður. Mennirnir hafi líklega ekki verið það nálægt vélina að þeir hafi skapað hættu fyrir flugvélinu en þó verið hættulega nálægt henni. Hætta fyrir mennina hafi samt verið óveruleg. Hann segir þá hafa verið um 10 metra frá vængenda vélarinnar og hreyfillinn sé á að giska 10 metrum innar. Hann kveður mennina svo hafa hlaupið út á akbraut flugvéla sem þarna er fram undan.

Stefán Thordersen, sem var flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli þegar atburðurinn varð, hefur komið fyrir dóminn. Hann segist hafa fengið upplýsingar um það að menn hefðu komist yfir girðingu og inn á flugvélahlaðið. Hafi þetta valdið töluverðri truflun á starfsemi á flugvellingnum þannig að brottför flugvéla seinkaði meðan gengið var úr skugga um að hættuástandinu hefði lokið. Hafi þetta valdið 20 – 30 mínútna seinkun á flugi, að hann minni. Talið sé að hættuástand myndist þegar óviðkomandi menn fari inn á merkt og varið haftasvæði sem þetta enda séu afleiðingar þess ófyrirsjáanlegar. Þá sé á að líta að þessir menn geti sjálfir verið í hættu og að hans mati hafi svo verið í þetta sinn. Að hans áliti hafi ekki verið hættu fyrir þessa umræddu flugvél. Þá verði truflun á flugvallarstarfsemi og geti seinkun sem þessi verið kostnaðarsöm fyrir flugvélar sem séu bundnar við ákveðinn lendingartíma á áfangastað erlendis. Hann segir svæði þetta vera afgirt og undir eftirliti. Þeir sem þar hafi aðgang þurfi að hafa skilríki um það og að hafa sótt sérstök námskeið. Séu skilti á íslensku og ensku á girðingunni með 25 m bili, sem gefi til kynna að um bannsvæði sé að ræða. Þá sé girðingin sjálf um 2,20 m.

Niðurstaða

Ákærðu bera það fyrir sig í málinu að þeir hafi farið inn á flugvallarsvæðið í krafti borgaralegs réttar og skyldu, enda hafi þeir með þessu verið að reyna að koma í veg fyrir að lög og mannréttindi væru brotin Paul Ramses og fjölskyldu hans. Jafnvel þótt fallist væri á það að með brottvísuninni hefðu verið brotin landslög eða alþjóðlegir samningar íslenska ríkisins á mannum og fjölskyldu hans (sem reyndar hefur ekki verið sýnt fram á í þessu máli), getur það ekki leitt til refsileysis fyrir ákærðu í málinu.

Í ákærinni er athæfi ákærðu talið varða við 231. gr. almennra hegningarlaga en sækjandinn hefur í málflutningi vakið athygli á því að það kunni að eiga undir 70., sbr. 141. gr. laga um loftferðir nr. 60, 1998 og við 1. mgr. 19. gr., sbr. 40. gr. reglugerðar um flugvernd nr. 361, 2005. Hefur málið verið reifað að þessu leyti, sbr. 4. ml. 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88, 2008. Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. loftferðalaga er flugmálastjórn heimilt að takmarka aðgang að flugvöllum og flugvallarsvæðum og umferð um þau, svo og að banna umgengni eða dvöl á slíkum svæðum ef hún telur það nauðsynlegt vegna öryggis. Þá er, samkvæmt 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar um flugvernd, einstaklingum, með undantekningum sem greinir í 2. mgr. en ekki skipta máli hér, því aðeins heimil ferð um og inn á flugsvæði flugvallar, þ.m.t. haftasvæði, að þeir hafi tilteknar gildar aðgangsheimildir útgefnar af viðeigandi flugvallaryfirvöldum. Þessi ákvæði loftferðalaga og reglugerðarinnar eru sérlög gagnvart hinu almenna ákvæði 231. gr.

hegningarlaga og ganga framur því.

Sem fyrir segir höfðu ákærðu ekki heimild til þess að fara inn á afgirt svæðið við flugstöðina og þurftu að klifra yfir allrammgera girðingu til þess að komast þar inn. Hlutu þeir að gera sér grein fyrir því að almenningi var bannaður aðgangur að svæðinu. Með þessu athæfi brutu ákærðu gegn 1. mgr. 70., sbr. 141. gr. laga um loftferðir og gegn 1. mgr. 19., sbr. 40. gr. reglugerðar um flugvernd.

Verknaður ákærðu er í ákærinni einnig heimfærður til 168. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn lítur svo á að ekki hafi verið sýnt fram á það að ákærðu hafi með athæfi sínu valdið brýnni hættu fyrir menn eða verðmæti. Aftur á móti hlýtur ævinlega að fylgja því ófyrirséð og almenn hættu að fara um flugvelli og athafnasvæði við flugstöðvar. Þá geta afleiðingar af óhöppum á slíkum stöðum orðið geigvænlegar, eins og alkunnugt er. Verður að telja að með því að ryðjast inn á athafnasvæðið við flugstöðina, beinlínis til þess að trufla umferð þegar annríki var þar vegna brottfarar margra flugvéla, hafi þeir raskað öryggi flugvéla sem þar voru. Hafa þeir með þessu athæfi orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing og sakarkostnaður

Þegar ákærðu er gerð refsing í málinu ber að hafa hliðsjón af refsimörkum 231. gr. almennra hegningarlaga en ekki refsimörkum 141. gr. laga um loftferðir. Jafnframt ber að hafa hliðsjón af refsimörkum 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 77. gr. þeirra laga.

Ákærði Haukur hafði, þegar hann framdi brot sitt, þrisvar sinnum verið sektaður fyrir brot gegn 19. gr. lögreglulaga, síðast þremur dögum fyrir atburðinn. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga.

Ákærði Jason Thomas hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga. Rétt er að fresta því að framkvæma refsingu þessa og ákveða að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Dæma ber ákærðu til þess óskipt að greiða verjanda sínum, Ragnari Aðalsteinssyni hrl, 250.000 krónur í málsvarnarlaun, sem dæmast með virðisaukaskatti.

Ekki er kunnugt um annan kostnað af málinu.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Haukur Hilmarsson, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði, Jason Thomas Slade, sæti fangelsi í 45 daga. Frestað er framkvæmd refsingar hans og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu að telja, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærðu greiði verjanda sínum, Ragnari Aðalsteinssyni hrl, óskipt 250.000 krónur í málsvarnarlaun.

Pétur Guðgeirsson